

1.gr.

Öll laus störf skulu auglýst á vefnum www.isafjordur.is með a.m.k. tveggja vikna umsóknarfrest. Störf eru einnig auglýst í öðrum miðlum eftir því sem við á.

Undantekningar má gera:

1. Þegar um er að ræða tímabundnar ráðningar sem standa eiga skemur en 6 mánuði eða ef um er að ræða tilfærslu í starfi.
2. Vegna starfa við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
3. Þegar um er að ræða störf vegna tímabundinna vinnumarkaðsúræða á vegum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

2. gr.

Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi (Auglýsingin byggir m.a. á upplýsingum úr starfslýsingu):

1. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.
2. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
3. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar.
4. Starfshlutfall.
5. Hvaða starfskjör eru í boði.
6. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
7. Hvert á umsókn að berast.
8. Hvort hún eigi að vera á sérstökum eyðublöðum og ef svo er hvar sé hægt að fá þau.
9. Umsóknarfrestur.
10. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

3. gr.

Við ráðningar í störf skal gæta fagmennsku og sanngirni. Starfsfólk er ráðið á grundvelli reynslu, hæfni, menntunar og hæfileika til að takast á við starfið.

4. gr

Við ráðningar í störf skal taka mið af jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar og m.a. leitast við að jafna hlut kvenna og karla í viðkomandi starfsgrein. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir sambærileg störf.

5. gr

Kjör starfsfólks taka mið af kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага eða ákvæðum í ráðningarsamningum.

6. gr

Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með gerð auglýsinga og birtingu þeirra á heimasíðunni og netmiðlum. Hann vinnur auglýsingarnar í samstarfi við forstöðumenn og sviðsstjóra.